



## Halldór Laxness og sendiherra Ráðstjórnarríkjanna vegna afmælishátíðar MÍR

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – Halldór Laxness – Sovétríkin – MÍR –  
*Menningartengsl Íslands og Rússlands*

### ***Tekið af vef Borgarskjalasafnsins***

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

***Einkaskjalasafn nr. 360***

***Stjórnmalamaðurinn***

Askja 2-32, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Til hans hágöfgi,  
Forsætisráðherra Íslands,  
Herra Bjarna Benediktssonar.

Reykjavík, 7. apríl, 1965

Yðar hágöfgi,

Á þessu ári eru liðin 15 ár frá stofnun félagsins "MÍR", sem hefur að markmiði eflingu menningartengsla milli Íslands og Ráðstjórnarríkjanna.


Stjórn félagsins "MÍR" hefur ákveðið að halda hátiðlegt afmæli félagsins, og í tilefni af því hefur verið boðið hingað til lands sendinefnd merkra menningarfulltrúa frá Ráðstjórnarríkjunum, sem er væntanleg til Íslands 10. apríl næstkomandi.

Þann 12. apríl kl. 21.00 gengst félagið "MÍR" fyrir fagnaði í Háskólabíó, þar sem mættir verða ýmsir íslenskir fulltrúar opinbers lífs og sem lýkur með hljómleikum sovézka listamanna.

Við myndum telja það mikinn heiður, ef þér, Yðar hágöfgi, sæuð yður fært að mæta á þessari samkomu.

Megum við að lokum, Yðar hágöfgi, fullvissa yður um djúpa virðingu okkar.

Forseti félagsins "MÍR"



Sendiherra Ráðstjórnarríkjanna  
á Íslandi

